

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

*Deiliskipulagið „Miðbær–Hraun, vestur“.*

Í samræmi við skipulagslög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 20. febrúar 2019 deiliskipulagið „Miðbær–Hraun, vestur“. Deiliskipulagið nær til 22 ha svæðis, frá Austurgötu að miðju Arnarhrauns, á milli Reykjavíkurvegur og suður að Læk, auk húsa milli Álfaskeiðs og Tjarnarbrautar. Vesturhluti svæðisins milli Austurgötu og Hverfisgötu er á gildandi deiliskipulagi fyrir Hafnarfjörð, miðbæ og fellur sá hluti þess skipulags úr gildi við gildistöku nýja skipulagsins „Miðbær–Hraun, vestur“. Jafnframt er hluti deiliskipulags fyrir gatnamót Reykjavíkurvegur innan svæðisins og verður mörkum þess breytt. Deiliskipulagið var auglýst frá 4. apríl til 16. maí 2018. Athugasemdir bárust.

Málsmeðferð deiliskipulagsins var samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast það þegar gildi.

Með vísan til deiliskipulagsins „Miðbær–Hraun, vestur“ og bréfs Skipulagsstofnunar, dags. 15. nóvember 2018, er mörkum á eftirfarandi deiliskipulagi breytt:

Breyting á deiliskipulaginu „Hafnarfjörður, miðbær 1981“; reitur 1, miðbær - breytt deiliskipulagsmörk.

Breyting á deiliskipulagi gatnamóta Reykjavíkurvegur og Arnarhrauns - breytt deiliskipulagsmörk.

*Hafnarfirði, 25. febrúar 2019.*

**Bormóður Sveinsson** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 12. mars 2019